

Stjórnarfundur FASK

13. fundur 10. Jan 2022 kl 15:30

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir

Dagskrá:

- 1. Málafni upplýsingamiðstöðva - Fyrirkomulag og framtíðarsýn**
Samþykkt að móta áskorun um stuðning við rekstur upplýsingamiðstöðva á félagssvæðinu og senda á bæjarráð. Undir þessum lið var einnig rætt um að kalla eftir umræðu um framtíðarsýn á ferðamálum í Austur - Skaftafellssýslu. Hauki falið að gera drög og vinna áfram með stjórn áður en áskorun verði send út.
- 2. Vörumerkjapróun - Samráð fyrir Ríki Vatnajökuls**
Hauki falið að ræða við Ríki Vatnajökuls um hvernig best er að haga þróun á vörumerki fyrir heimaaðila í Austur - Skaftafellssýslu.
- 3. Námskeið - Hugmynd að nýju námskeiði vor önn 2022**
Bergþóru falið að gera tillögu að námskeiði fyrir vor önn 2022
- 4. Fundaráætlun FASK**
Samþykkt að hittast annan þriðjudag hvers mánaðar að morgni til.
- 5. Undirbúningur Aðalfundar vor 2022**
Hauki falið að gera drög að fundarboði fyrir næsta aðalfund og gera tillögu að dagsetningu í samráði við stjórn.
- 6. Upplýsingar um störf Markaðsstofu Suðurlands og Stjórnar VJP**
Ágúst gerði grein fyrir helstu störfum Markaðsstofunnar þar sem unnið er að starfs- og rekstraráætlun. Gerði hann einnig grein fyrir fyrirhuguðum fundi Stjórnar VJP sem halda á 17. Jan n.k.
- 7. Upplýsingar um störf Svæðisráðs VJP - Suðursvæði**
Laufey gerði grein fyrir fundi svæðisráðs frá því í morgun. Gerði hún grein fyrir stöðu á Vörðuverkefninu sem og biðstöðu á rannsóknarverkefni sem Þorvarður Árnason er að vinna að og varðar þolmarkarannsóknir á starfssvæði þjóðgarðsins. Undir þessum lið skapaðist umræða um hversu mikilvægar rannsóknir eru fyrir svæðið, stjórn FASK hvetur ríki, sveitarfélög og Vatnajökulspjóðgarð til þess að stuðla að auknum rannsóknum á svæðinu, sem stutt geti við sjálfbæra þróun Austur Skaftafellssýslu.
- 8. Fundur með SVH og Ríki Vatnajökuls**
Haukur gerði grein fyrir sameiginlegum fundi SVH, FASK og Ríki Vatnajökuls. Lagði stjórn FASK til að eftirfarandi áherslumál verði til innlegg inn í dagskrá fyrir heimboð Ráðherra ferðamála. Rannsóknarverkefni - Alþjóðaflugvöll - Kvikmyndaverkefni
- 9. Önnur mál.**
Laufey ræddi um sameiginlega yfirlýsingu FASK og SEFL (Samstaða smærri fyrirtækja og einyrkja í ferðapjónustu) Laufey falið að senda loka drög á stjórn FASK til yfirlestrar og afgreiðslu. Einnig var rætt um mikilvægi þess að sinna rannsóknum á svæðinu.